

Minnisblað

Til:
Frá: Birgir Gunnarsson
Dags. 12. ágúst 2020
Mnr. 2020070058



ÍSAFJARÐARBÆR

Niðurlagning starfa á bæjarskrifstofum Ísafjarðarbæjar

Á 1115. fundi bæjarráðs, þann 20. júlí 2020, var lögð fram fyrirspurn bæjarfulltrúa Í-lista, Nannýjar Örnú Guðmundsdóttur, dags. 17. júlí 2020, þar sem óskað var skriflegra svara nokkurra spurninga varðandi niðurlagningar starfa hjá sveitarfélaginu. Bæjarstjóra var falið að svara erindinu.

Neðangreint eru spurningar og svör.

1. Hvaða valdheimildir bæjarstjóri notaði til að leggja niður tvö störf án umræðu og samþykkt í bæjarstjórn?

Hlutverk bæjarstjóra er skilgreint m.a. í VI. kafla 55.-56. gr. sveitarstjórnarlaga og í 49. gr. bæjarmálasamþykktar Ísafjarðarbæjar, en þar segir m.a. að bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfslíðs sveitarfélagsins.

2. Er verið að vinna í nýju skipuriti fyrir umhverfis- og eignasvið? Undir hvaða starf munu verkefni Eignasjóðs falla?

Ekki er unnið að nýju skipuriti fyrir umhverfis- og eignasvið. Sviðstjóri umhverfis- og eignasviðs hefur umsjón með starfsemi sviðsins og þeim verkefnum sem undir sviðið heyra, þ.á.m. þau verkefni sem tilheyra Eignasjóði.

3. Hvernig sér meirihluti bæjarstjórnar fyrir sér að fylgja eftir umhverfisstefnu Ísafjarðarbæjar, markmiðum EarthCheck, Grænu skrefunum, og markmiðum Sameinuðu þjóðanna í umhverfis og loftlagsmálum?

Bæjarstjóri svarar ekki fyrir meirihluta bæjarstjórnar, en getur upplýst að verkefnum umhverfisfulltrúa verður sinnt af öðrum starfsmönnum bæjarfélagsins.

4. Hvernig ætla meirihluti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar að rökstyðja það að með því að leggja niður starf umhverfisfulltrúa sveitarfélagsins sé ekki verið að minnka vægi umhverfismála hjá sveitarfélaginu?

Bæjarstjóri svarar ekki fyrir meirihluta bæjarstjórnar, en getur upplýst að verkefnum umhverfisfulltrúa verður sinnt af öðrum starfsmönnum bæjarfélagsins.

5. Eru uppi hugmyndir um að bjóða út hluta ef þeim verkefnum sem umsjónarmaður eignarsjóðs sá um t.d. útboðsgerð og eftirlit með útboðsvinnu vegna viðhalds á eignum sveitarfélagsins?

Ekkert hefur verið ákveðið í þeim efnum.

Einnig óskar fulltrúi Í –listans í bæjarráði eftir að fá eftirfarandi upplýsingar:

Því hefur verið haldið fram að yfirmaður eignarsjóðs hafi í nokkur ár óskað eftir starfslokum, m.a. í tölvupósti bæjarstjóra til bæjarfulltrúa þann 29.júní 2020. Við óskum eftir að fá að sjá gögn sem styðja þá fullyrðingu.

Einnig hefur því verið haldið fram að viðkomandi starfsmaður hafi ætlað sér að hætta í síðasta lagi við 65 ára aldur. Við óskum eftir að sjá gögn sem styðja þá fullyrðingu.

Ólöglegt er að ræða málefni einstakra starfsmanna opinberlega, þ.a.l. er ekki hægt að svara þessari spurningu.